

Hugleiðingar um möguleika á að fjölga þeim ungmennum sem ljúka framhaldsskólanámi með ákveðnum skilgreindum námslokum á t.d. 2 þrepi.

Nauðsynlegt er að skoða þetta á mörgum stöðum.

A Kerfið í framhaldsskólum.

1. Að miða við sömu útskriftarleiðir þ.e. að útskrifast eftir þriggja til fjögurra ára nám með iðnnám, sjúkraliðnám, stúdentspróf eða sambærilegt skirteini

Hér þarf að skoða vel hver eru markmiðin, á t.d. að miða við að loka sem fæstum námsleiðum eða möguleikum til að færa sig milli námsbrauta eða má bjóða námsleiðir sem miða við svo sérhæft nám að það færist að litlu leyti milli námsbrauta. Hér má nefna það hvort það þurfi nauðsynlega að miða við almenna bóknámsáfangu í iðnnámi eða hvort megi bjóða uppá valmöguleika í stað almenns bóknáms. (Er líklegt að dæmavinna í stærðfræði leiði til þess að nemendur geti frekar reiknað efnisnotkun og kostnað? Er slíkt ekki hvort sem er kennt í faggreinum námsins?)

Bjóða nám til stúdentsprófs sem er minna á breiddina (t.d. bjóða að sleppa / taka minna af þriðja tungumáli á náttúrufræðibraut en auka nám í sérfögum í náttúrufræði og stærðfræði, eða að náttúrufræði falli út á félagsfræðibraut gegn því að nemendi taki meira af sérnámi í samfélagsgreinum). Hér væri verið að bjóða uppá að nemendur geti valið að mjókka stúdentsnám en auka sérhæfinguna og um leið færast á hærra hæfniprep í sérfögum. Í raun bjóða að velja að taka stúdentspróf á bóknámsbrautum í átt að því sem stúdentspróf með starfsnámi býður uppá. Gefur nemendum möguleika á að velja sig frá veikleikum en nýta styrkleika.

Auka möguleika nemenda á að nýta verknám/listnám/aðra reynslu sem hluta af námi til stúdentsprófs. Ekki bara skoða slíkt sem kjörsvið heldur hafa það sem möguleika á að koma í stað almennra bóklegra greina.

Fjölga og breyta þeim lengri námsleiðum sem eru í boði. Sambland af skólanámi, vinnustaðanámi og námsdvöl erlendis verði í boði á ýmsum brautum. Unnið verði

sérstaklega með nýja tækni svo sem fjölmiðlun á neti, viðburðastjórn og þverfaglegt ferðaþjónustunám. Hér verði markmiðið að færa ekki allt nýttísku starfsnám á háskólastig því það er ekki nauðsynlegt til að sinna ýmsum af þeim störfum sem eru í boði.

Þjóða eða óska eftir samvinnu allra framhaldsskóla á Norður og Austurlandi til að nýta sérhæfðar námsbrautir sem best. Hægt verði að ljúka almennum hluta náms í heimabyggð t.d. á einu eða tveimur árum og færa sig svo að þeim skóla sem býður sérhæfða námið í fullu námi. Að nemendur sem eru búnir með almennan hluta eigi þess kost að vera í fullu sérnámi eða eigi kost á vinnustaðanámi til viðbótar við það sérnám sem er í boði. Sá skóli sem tekur að sér nemendur í sérnámi geti skipulagt vinnustaðadvöl á markvissan hátt þannig að námið verði sem öflugast og raunhæfast.

2 Að vinna að því að til verði eðlilegar og raunhæfar styttri námsleiðir sem leiða til einhverra starfa.

Hér er aðalatriðið að hægt sé að sleppa við almennt bóknám eða að velja um það. Stuttar starfsnámsbrautir hafa haft sömu grunnáfanga í almennum bóknámsgreinum eins og lengri brautirnar, (STÆ102 og svo frv. t.d. í fyrrihlutanámi í málmsmíðum.)

Þjóða í staðinn að nemendur taki meira fagnám eða tvennskonar verknám, t.d. að matvælanám eða listnám geti talist sem almennt nám í málmsmíðanámi.

Hér þarf nauðsynlega að hafa samráð fyrir fyrirtæki á svæðinu og ræða mál þessara nemenda og það hvað þeir hafa með sér úr náminu og hvað það veitir þeim. Einnig að hafa samráð við stéttarfélög, bæði verkamanna og iðnaðarmanna.

Að þjóða verknámsleið í stað skólagöngu eða í mikið bland við skólagöngu. Að skilgreindur aðili hafi eftirlit með námi nemanda á vinnustað og votti að neminn hafi lokið ákveðnum þáttum og sýnt ákveðna hæfni til starfa á ákveðnu sviði (European Qualification Framework). Módel frá Hollandi í MBO skólum. BOL nemendur eru í skólanum allt fyrsta árið, en á öðru ári er verið að undirbúa þau undir að vera á vinnustað. Þá eru þau á vinnustað einn til tvo daga í viku en síðan í skólanum.

BBL þá eru nemendur að mestu á vinnustað en koma einn dag í viku í skólann strax frá

byrjun námsins.

Starfsfóstri á vinnustað fái þjálfun og eftirlitsaðili heimsæki vinnustað og fylgist með, verði t.d. frá VMA. Óskað verði eftir því að fá styrki til að fara af stað með þróun á þannig kerfi fyrir t.d. ákveðnar atvinnugreinar.

Strax um 12 ára aldur verði hægt að skoða feril nemanda og vinna að því að finna styrkleika sem hægt er að vinna með ef almennt nám gengur illa. Komið verði á stöðluðum vinnubrögðum við að halda utanum nám sem ekki fer fram í skólanum og hafa eftirlit með því að nemandinn nái þeim markmiðum sem sett eru t.d. með dvöl á vinnustað í stað skóla. Sótt verði um styrki til að læra og útfæra slík vinnubrögð. Þannig verði hægt að nýta sömu vinnubrögð á meðan nemandinn er í grunnskóla og í framhaldsskóla ef verið er að sinna nemandanum sérstaklega.

B Samvinna margra aðila um að vinna gegn brottfalli.

1. Að hægt verði að skrá heildarferil ungmennis, skólagöngu, sumarstörf og með skóla og einnig tómstundareynslu svo sem þjálfun í íþróttum.
2. Að farið verði af stað með tilraunaverkefni við að koma á fót heildar ferilskráningu og að til verði ungmennaráðgjafi sem heldur utanum feril einhvers hóps ungmenna sem talin eru í hættu hvað varðar að verða óvirk í skóla og samfélaginu yfirleitt.
3. Að haldið verði málþing / fundur margra aðila úr grunnskólakerfi og framhaldsskólakerfi, félagsþjónustu, vinnumálastofnun, stéttarféлага, vinnuveitenda, íþróttafélaga og annarra sem koma að ferli ungmenna á einhvern hátt. Þar verði reynt að skoða það hvað gögn sýna okkur um feril ungmenna og sérstaklega þeirra sem eiga erfitt.
4. Sótt verði um styrki til að hafa samvinnu og yfirfæra reynslu t.d. frá Norðurlöndum, Hollandi og fleiri stöðum til að læra um það hvernig hægt er með mörgum ráðum að minnka brottfall úr námi, bæði það brottfall sem lýsir sér í að nemendur hætta í skóla og það sem sést á löngum slitróttum ferli þar sem nemandinn fellur í sífellu.

5. Ráðgjöf, viðtöl við ráðgjafa, mismunandi leiðir í misstórum hópum t.d. sjálfsstyrkingarnám þegar nemendur eru algerlega að gefast uppá skólum. Allt þetta verði skráð í feril ungmennis, að viðkomandi hafi rætt við ákveðinn aðila og hafi sótt námskeið og svo frv.
6. Unninn verði upp gagnagrunnur um vinnustaði sem taka við nemendum í nám og hægt verði að sjá hvort búið er að ráðstafa plássum t.d. svo að margir hafi ekki samband við ákveðna vinnustaði heldur geti komist að því strax hvort hugsanlega sé möguleiki á að koma nemanda þar að. Miðstöð vinnustaðanáms í VMA og SÍMEY samkeyri gögn. Reynt að ná samkomulagi um að ákveðnir vinnustaðir sinni námi í ákveðnum greinum. Þetta krefst þess líka að fast land verði undir greiðslum til vinnustaða og nema í vinnustaðanámi.
7. Unnið verði að því að móta námskeið og samstarfsfundi þar sem námsefni og hæfnimarkmið í ýmsum greinum sem eru bæði á dagskrá grunnskóla og framhaldsskóla verður skoðað í samvinnu kennara á báðum stigum. Einnig að til verði námskeið þar sem kennarar í grunnskólum og framhaldsskólum geta tileinkað sér að nýta einfaldar verklegar tilraunir um tækni t.d. um rafmagn með einföldum tækjum.
8. Leitað verði eftir möguleikum á að þróa námsleiðir sem leið til starfa á ákveðnum sviðum en námið teljist á fyrsta eða öðru þrepi. Umönnunarliði, matvæla og ferðapjónustuliði, flutninganám, umsjón með húsnæði og þrifum.....